



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. P 132/1880

komudagur

27.4.2006

26. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum og lögum um tekjuskatt.**

Vísað er til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 25. þ.m., þar sem óskað er eftir því að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005 og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Eins og kunnugt er þá er til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði (mál nr. 520). Samkvæmt þessu frumvarpi er lagt til að miklar breytingar verði gerðar á lögregluumdæmum og stjórn þeirra. Ljóst má vera að ef þetta frumvarp verður að lögum þá er nauðsynlegt að gera breytingar á tollumdæmum.

Í frumvarpi um breyting á tollalögum o.s.frv. er fyrst og fremst verið að leggja til breytingar á tollumdæmum og stjórn þeirra sem er eins og að framan segir afleiðing af breytingu á lögregluumdæmum.

Að mati embættis tollstjórans í Reykjavík eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til þess fallnar að efla og bæta tollframkvæmd hér á landi. Æskilegt er að sem fyrst liggi fyrir hvort þessar breytingar verða að lögum, þar sem nokkurn tíma tekur að koma þeim í framkvæmd, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að það öðlist gildi að hluta til strax og að hluta til 1. janúar 2007.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen, tollstjóri